

LÖG

um breyting á lögum um leikskóla, nr. 78/1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. og 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra setur leikskólum aðalnámskrá leikskóla. Þar skal kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans, gildi leiksins og meginstefnu varðandi starfshætti og innra gæðamat.

Menntamálaráðuneytið hefur aðalnámskrá leikskóla stöðugt til endurskoðunar, sér um útgáfu hennar og breytingar þegar þörf er talin á. Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár leikskóla skal birt í Stjórnartíðindum.

2. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir sem orðast svo: Heimilt er að starfsfólk án leikskólakennaramenntunar taki þátt í að annast uppeldi og menntun barna undir stjórn leikskólakennara, enda fáist ekki leikskólakennari til starfsins. Nánar skal kveðið á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.